

Óviðunandi ástand í málum geðsjúkra

Geðsjúkir eru útskrifaðir of snemma vegna þess að Landspítalinn skortir fjármagn, segir framkvæmdastjóri geðsviðs spítalans. Ekki verði unað við ástandið eins og það er í málum geðsjúkra.

Kona, sem glímir við geðsjúkdóm, var hætt komin í bruna í lóufelli á fimmtudag. Þá skaut lögregla mann til bana í Hraunbæ í desember en hann stríddi einnig við geðsjúkdóm. Aðstandendur fólksins, framkvæmdastjóri Geðhjálp og formaður Geðlæknafélagsins segja að kerfið hafi brugðist.

„Það sem kannski bregst hjá okkur, eða við erum ekki nógu góð í, er að samþætta vinnu allra kerfanna, við þurfum að vinna betur saman.“

María segist ekki geta tjáð sig um einstök mál en að Landspítalinn, velferðarsvið sveitarfélaga og heilsugæsla þurfi að vinna saman eins og smurð vél. Faðir konunnar í lóufelli segir að sigið hafi á ógæfuhliðina þegar henni var vísað úr meðferð á Kleppi. „Stundum skilar endurhæfingin ekki árangri og þá er rétt að hætta meðferðinni ef hún er ekki að skila sér og reyna þá eitthvað annað og þá er það þessi þjónusta í nær umhverfi fólks sem þarf að taka við,“ segir María Einisdóttir, framkvæmdastjóri geðsviðs Landspítalans.

Úrræði fyrir geðsjúka ekki nærri nógu mörg

Þjónusta við geðsjúka er á ábyrgð sveitarfélaga og þar hefur Reykjavíkurborg staðið sig best en úrræðin séu ekki nærri nógu mörg, sífellt fleiri glími við þunglyndi. „Þá vantar bara peninga,“ segir María.

Stjórnvöld þurfi að setja meira fé í málefni geðsjúkra. „Það er ansi mikið fé ef við viljum vera fremst meðal jafningja,“ segir María. Hún svarar því játandi þegar hún er spurð hvort þar vanti einhverja milljarða.

Formaður Geðlæknafélagsins sagði í fréttum RÚV í gær að vegna niðurskurðar aukist líkurnar á að geðsjúkir séu útskrifaðir of snemma af Landspítalanum. Er álagið á starfsfólk of mikið þarna, að það þurfi að útskrifa sem fyrst? „Það er ansi mikil pressa á útskrift,“ segir María. Þannig að það er einn vandinn sem geðsviðið stríðir við að fólk er útskrifað of snemma? „Já, hann er orðinn ansi stuttur innlagnartíminn hjá okkur en á sama tíma erum við að reyna að efla dag- og göngudeildir sem eru ódýrari úrræði.“

Finnst þér viðunandi að svona sé komið í málum fyrir geðsjúka? „Alls ekki, alls ekki,“ svarar María.

www.ruv.is/frett/ovidunandi-astand-i-malum-gedsjukra